



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegur 166
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. mars 2007
Tilvísun: 2007030012
Bréfalykill: 22.2

Efni: Köldukvíslarvirkjun á Tjörnesi. Umsögn Orkustofnunar um matsskyldu.

Orkustofnun hefur með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 9. mars 2007, borist beiðni um umsögn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Köldukvíslar. Orkustofnun hefur farið yfir gögn málsins. Áin er nokkuð dæmigerð dragá, en áformað er að virkjunin verði rennslisvirkjun. Það þýðir að langtímum saman þarf meginíð af rennsli árinna að fara um yfirfall. Gert er ráð fyrir steyptri stíflu. Nokkuð góðar upplýsingar eru til um vatnsrennsli. Aðrennsli til virkjunar er um niðurgrafna pípu, þannig að um nokkuð hefðbundið fyrirkomulag er að ræða.

Fyrirhuguð virkjun er háð virkjunarleyfi iðnaðarráðherra skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Orkustofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér, þar sem ekki verði um að ræða veruleg neikvæð áhrif á nýtingu auðlindarinnar til annarra nota. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir